



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar til framfærslu*

Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir:

- Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr **217.799 kr.** í **224.333 kr.** á mánuði
- Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr **348.476 kr.** í **358.933 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr **183.507 kr.** í **189.012 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr **108.898 kr.** í **112.167 kr.** á mánuði.
- Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækki úr **17.481 kr.** í **18.005 kr.** á mánuði.

Fjárhæðir fjárhagsaðstoðar verða hækkaðar um 3%. Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2023.

Greinargerð:

Í ákvæðum 9. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð kemur fram að fjárhæðir greiðslna vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar á 1.-5. mgr. 10. gr. og 16. gr. a reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Breytingar eru með rauðu lettri:

1.-5. mgr. 10. gr.

Grunnfjárhæð

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að **224.333 kr.** ~~217.799 kr.~~ á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að **358.933 kr.** ~~(244.333 x 1,6) 348.476 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er **189.012 kr.** ~~183.507 kr.~~

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er **112.167 kr.** ~~(224.333:2) 108.898 (217.799:2)~~. Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur **189.012 kr.** ~~183.507 kr.~~

16. gr. a

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða **18.005 kr.** ~~17.481 kr.~~ fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 30. september 2022.